

Nd.

660. Breytingartillögur

[5. mál]

við frv. til útvarpslaga.

Frá Hjörleifi Guttormssyni, Kristínu S. Kvaran og Maríönnu Friðjónsdóttur.

1. Við 10. gr. 3. mgr. orðist svo:

Ríkisútvarpið skal m. a. veita almenna fréttapjónustu og vera vettvangur fyrir mismunandi skoðanir á þeim málum sem efst eru á baugi hverju sinni eða almenning varða. Það skal flytja fjölbreytt skemmtiefni við hæfi fólks á öllum aldri. Sérstaklega skal þess gætt að hafa á boðstólum fjölbreytt efni við hæfi barna, jafnt í hljóðvarpi og sjónvarpi. Ríkisútvarpið skal flytja efni m. a. á sviði lista og bókmennta, vísinda og sögu auk tónlistar. Það skal veita almenna fræðslu og gera sjálfstæða dagskrárþætti er snerta Ísland eða Íslendinga sérstaklega.

2. Við 13. gr. Í stað 1. mgr. komi tvær nýjar mgr. er orðist svo:

Forseti Íslands skipar útvarpsstjóra til 5 ára í senn, en að þeim tíma liðnum skal staða hans auglýst á ný laus til umsóknar. Heimilt er að endurráða sama mann í starfið í 5 ár til viðbótar.

Útvarpsstjóri annast rekstur Ríkisútvarpsins, sér um fjárhag þess og semur ár hvert fjárhagsáætlun þess.

3. Við 15. gr. Við greinina bætast nýjar mgr. svohljóðandi:

Annað hvert ár skal menntamálaráðuneytið í samráði við yfirstjórn útvarpsins efna til ráðstefnu notenda um dagskrárstefnu Ríkisútvarpsins og býður til hennar fulltrúum helstu almennasamtaka.

Ríkisútvarpið skal beita sér fyrir reglubundnum könnunum á því hvernig hlustað er á hljóðvarp og horft á sjónvarp, jafnt varðandi Ríkisútvarpið sem og aðrar útvarpsstöðvar er leyfi fá skv. 3. gr.

4. Á undan 32. gr. í VI. kafla komi ný grein er orðist svo:

Alþingi kýs nefnd sjö þingmanna er hafi það hlutverk að fylgjast með framkvæmd laga þessara, svo og þróun fjölmiðlunar og lagasetningu um útvarpsmálefni meðal nágrannaþjóða. Jafnframt skal nefndin huga að nauðsynlegum breytingum á lögum í ljósi þeirrar reynslu sem af framkvæmd þeirra fæst. Skal nefndin skila Alþingi skýrslu um störf sín í nóvember ár hvert þar til endurskoðun laganna er lokið.

5. Við 34. gr. Greinin orðist svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1986. Falla þá jafnframt úr gildi útvarpslög nr. 19/1971, svo og lög um breyting á þeim lögum, nr. 8/1975 og 49/1979.